

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

797. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 22. júlí 2013 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Reglur um heimadag í grunnskólanum, erindi frá síðasta fundi.
2. Útboð skólaaksturs leið 6 Vatnsnes.
3. Liðir 2 og 5 úr fundargerð 140. fundar fræðsluráðs.
4. Bréf Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur og Jóhannesar Óskars Sigurbjörnssonar.
5. Bréf Kanínu ehf. frá síðasta fundi.
6. Húnasjóður.

Afgreiðslur:

1. Skólastjóri grunnskólans er mættur á fundinn og leggur fram drög að reglum um heimadag í grunnskólanum, erindi frá síðasta fundi. Byggðarráð samþykkir framlagða tillögu að reglum um heimadag í Grunnskóla Húnaþings vestra. Eldri reglur falla þar með úr gildi.
2. Útboð skólaaksturs á leið 6 Vatnsnes. Fjögur tilboð bárust, þar af 3 frávikstilboð. Eftirfarandi tilboð bárust:

Ágúst Þorbjörnsson kt. 041273-5779	kr. 197	kr. pr km frávikstilboð
taxti miðast við allt að 13 börn, utan barna frá Helguhvammi.		
ef fjöldi er 14-17 þá er taxtinn	kr. 227	kr pr. km.
Húnavirki ehf. kt. 520483-0399	kr. 235	kr. pr km frávikstilboð
Hækkun um kr. 10 fyrir hvert barn umfram 16		
Húnavirki ehf. kt. 520483-0399	kr. 220	kr pr km frávikstilboð
Hækkun um kr. 10 fyrir hvert barn umfram 16		
Kristmundur Ingþórsson kt. 051150-3099	kr. 198	kr pr. km.

Byggðarráð metur frávikstilboð frá Ágústi Þorbjörnssyni hagstæðast bæði hvað varðar verð og fyrirkomulag aksturs og samþykkir að taka tilboði hans. Byggðarráð felur skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra að útbúa og skrifa undir samning við hann að liðnum lögbundnum 10 daga biðtíma skv. 76. gr. laga nr. 84/2007 um opinber innkaup. Sveitarstjóra falið að tilkynna hlutaðeigandi afgreiðslu byggðarráðs með formlegum hætti.
3. Leikskólastjóri er mættur á fundinn til að fjalla um 2. og 5. lið fundargerðar 140. fundar fræðsluráðs. Liður tvö um opnunartíma leikskólans. Lögð fram eftirfarandi bókun“ Þar sem engar umsóknir eru um vistunartíma milli kl: 16:00 til 16:30, þá styttist opnunartíminn um 30 mínútur frá nk. hausti Opnunartíminn verður tekinn til endurskoðunar ef eftirspurn verður til staðar.“ Liður 2 með ofangreindri bókun borinn undir atkvæði og samþykktur með 3 atkvæðum. Liður 5 um reglur varðandi börn sem hafa verið veik og fengið að vera inni í leikskólanum einn til tvo daga eftir veikindi. Afgreiðslu 5. liðar frestað.
4. Lagt fram bréf Þorbjargar Ingu Ásbjarnardóttur og Jóhannesar Óskars Sigurbjörnssonar dags. 8. júlí 2013, þar sem óskað er eftir þátttöku Húnaþings vestra í kostnaði við endurnýjun girðinga milli Engjabrekku og Þorgrímsstaða. Byggðarráð

Samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins og sveitarstjóra falið að afla frekari upplýsinga.

5. Bréf Kanínu ehf, sem frestað var á síðasta fundi. Byggðarráð samþykkir að hluti hagnaðar af sölu Kirkjuveggar 8 verði nýttur til að styrkja Kanínu ehf. um kr. 500.000 Sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs er falið að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2013 í samræmi við ofangreint.

6. Lagðar fram umsóknir um styrki úr Húnasjóði 2013. Þrettán umsóknir bárust. Byggðarráð samþykkir að veita eftirtöldum umsækjendum styrk úr Húnasjóði árið 2013:

Aron Stefán Ólafsson, nemi í umhverfisskipulagi.

Guðrún Eik Skúladóttir, nemi í búvísindum.

Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir, nemi í íslensku með þjóðfræði sem aukagrein.

Gunnhildur Vilhjálmsdóttir, nemi í grunnskólakennarafræðum.

Helga Rakel Arnardóttir, nemi í bókhaldi, viðurkenndur bókari.

Íris Rut Garðarsdóttir, nemi í sjúkraþjálfun..

Sonja Líndal Þórisdóttir, nemi í reiðkennslu og þjálfun.

Sverrir Jónsson, nemi í bílamálun.

Styrkfjárhæð á hvern styrkþega er kr. 100.000

Elín R. Líndal vék af fundi við umræður og afgreiðslu þessa liðar.

Samþykkt að taka á dagskrá:

7. Lagt fram aðalfundarboð Sorpsamlags Strandasýslu sem haldinn verður föstudaginn 26. júlí n.k. kl 13:00 að Skeiði 3 á Hólmavík. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri og Sigurður Kjartansson verði fulltrúar Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:47

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal

Stefán Böðvarsson.

Guðrún Ragnarsdóttir,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Áheymarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.